

Tillaga til þingsályktunar

um græna utanríkisstefnu.

Flm.: Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Logi Einarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson, Smári McCarthy.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að höfðu samráði við Alþingi, að útfæra græna utanríkisstefnu. Aukin áhersla verði lögð á aðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum, eflingu samstarfs við ríki sem eru í fararbroddi þegar kemur að baráttunni gegn loftslagsbreytingum og á málflutning á því sviði á alþjóðavísu auk þess sem grænar áherslur verði lagðar til grundvallar í ólíkum þáttum utanríkisstefnunnar.

Við mótun grænnar utanríkisstefnu Íslands verði m.a. ráðist í eftirfarandi aðgerðir:

1. Skipaður verði sendiherra loftslagsmála sem samhæfi stefnu og skilaboð Íslands erlendis um loftslagsmál, hafi yfirumsjón með upplýsingagjöf og samhæfingarhlutverk innan Stjórnarráðsins um aðild og framkvæmd íslenskra stjórnvalda á aðgerðum gegn loftslagsbreytingum á alþjóðavettvangi. Þá gegni sendiherrann lykilhlutverki í því að kynna stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum á erlendri grundu.
2. Sérstök sendiráð Íslands verði útnefnd græn sendiráð þar sem megináherslur og verkefni viðkomandi sendiherra og sendiráða verði á sviði loftslags- og umhverfismála.
3. Stofnuð verði sérstök umhverfis- og loftslagsskrifstofa í utanríkisráðuneytinu og henni tryggður mannaflí og fjármunir. Skrifstofunni verði falið að efla alþjóðlega samvinnu um loftslagsmál ásamt upplýsingagjöf, bæði á alþjóðavettvangi sem og innan lands, um loftslagsmál og starfa með öðrum ráðuneytum að framkvæmd alþjóðlegra aðgerða Íslands í loftslagsmálum og þátttöku á alþjóðlegum ráðstefnum og fundum um málefnið. Umhverfis- og loftslagsskrifstofa utanríkisráðuneytisins hafi einnig með höndum útfærslu loftslagsstefnu Stjórnarráðsins þegar kemur að utanríkisráðuneytinu og starfsemi þess um allan heim.
4. Stefna um græna fríverslun og alþjóðaviðskipti verði mörkuð og skýrð og ávallt hugsuð og unnin út frá loftslagsmarkmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum í umhverfis- og loftslagsmálum. Meiri áhersla en nú verði lögð á umhverfismál við gerð fríverslunarsamninga. Efling og aðstoð utanríkisráðuneytisins vegna viðskiptasambanda íslenskra fyrirtækja og fjárfestinga verði ávallt metin út frá loftslagsmarkmiðum og umhverfisáherslum.
5. Stefna Íslands í þróunarsamvinnu verði skipulögð og skýrð út frá loftslagsmarkmiðum Parísarsamkomulagsins, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og sem hluti af aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum. Fjárframlög til Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna verði aukin og alþjóðleg og tvíhliða samvinna verði eflid innan græna hagkerfisins með aðstoð eða aðkomu utanríkisráðuneytisins.
6. Stefna í einstökum þáttum alþjóðastarfs, á borð við norðurslóðastefnu Íslands og stefnu í málefnum hafsins, verði reglubundið uppfærð með tilliti til alvarlegrar stöðu í loftslagsmálum sem bregðast þarf hratt við.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 150. löggjafarþingi (568. mál) og er nú endurflutt með nokkrum efnislegum breytingum sem taka tillit til umsagnar sem barst við málið.

Síðustu ár hafa umhverfismál skipað æ mikilvægari sess í stjórnámum víða um heim. Í ljósi hraðra loftslagsbreytinga þarf að grípa til róttækra kerfisbreytinga og aðgerða á heimsvisu til þess að sporna gegn enn verri afleiðingum loftslagsbreytinga af mannavöldum eins og hlýnun jarðar, öfgum í veðurfari, neikvæðum áhrifum á gróðurfar og lífríki, súrnun sjávar og hækkandi sjávarstöðu. Mikilvægt er að stefna stjórnvalda í utanríkismálum taki mið af þessari þróun og sé skýr.

Umhverfismálin teygja anga sína víða enda tengjast þau beint og óbeint fjölbreyttum samfélagslegum málefnum á borð við öryggismál og stríðsátök, efnahag, samgöngur, fólksflutninga, jöfnuð og kynjajafnrétti svo nokkur dæmi séu nefnd. Þar að auki er ljóst að loftslagsbreytingar eru orðin ein helsta ógn við mannréttindi í heiminum líkt og mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, Michelle Bachelet, hefur lýst yfir. Hefur hún m.a. bent á það mat Sameinuðu þjóðanna að um 40% borgarastyrjalda í heiminum síðustu sextíu árin megi rekja til hnignunar umhverfis (e. environmental degradation). Í ljósi umfangs og mikilvægi umhverfismála á alþjóðavísu sem og brýnnar nauðsynjar alþjóðasamstarfs í loftslagsmálum telja flutningsmenn tillögunnar að einn veigamesti þátturinn í utanríkisstefnu Íslands eigi að vera að stuðla að því að umhverfismál verði í forgangi. Þar getur Ísland leikið mikilvægt hlutverk því þrátt fyrir smæðina hefur landið haft mjög jákvæð áhrif á þróun mála á alþjóðavettvangi, eins og sannaðist til að mynda með eftirtektarverðri framgöngu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Telja mætti góðar líkur á því að aukin áhersla á græn málefni í utanríkisstefnu Íslands hefði jákvæð áhrif innan sem utan landsteinanna. Til að mynda gæti frekari miðlun á þeirri þekkingu sem er þegar til staðar hérlendis til annarra landa skipt sköpum í orkuskiptum frá jarðefnaeldsneyti og kolum yfir í umhverfisvænni valkosti eins og jarðvarma. Á sama tíma mætti ætla að eftirspurn eftir grænum lausnum víða um heim hvetti til frekari nýsköpunar á sviði grænna lausna hérlendis með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á umhverfi, efnahag og samfélag. Slíkt væri jafnframt í anda alþjóðaskuldbindinga Íslands samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Parísarsamkomulaginu.

Alþjóðasamstarf, þ.m.t. þróunarsamvinna, gegnir lykilhlutverki í umhverfismálum. Má sem nefna að stuðningur við menntun kvenna í þróunarlöndum er öflug aðgerð til að sporna við loftslagsbreytingum sem stuðlar að auki að því að hægt verður að ná mörgum af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Norðurlöndin hafa gert sig gildandi á alþjóðavettvangi í umhverfis- og loftslagsmálum í sínum utanríkisstefnum og gera flutningsmenn ráð fyrir því að litið verði til Norðurlandanna og utanríkisstefnu þeirra við útfærslu á grænni utanríkisstefnu. Danska utanríkisráðuneytið hefur til að mynda kynnt verkefni til þess að koma á framfæri dönskum lausnum í loftslagsmálum og aðgerðum til að auka sjálfbærni undir lok síðasta árs. Meðal verkefna er skipun sendiherra loftslagsmála, útnefning fimmtán sendiráða til að stuðla að framgangi danskra grænna lausna út um allan heim, stofnun grænnar skrifstofu sem tileinkuð verður „grænum ríkjasamskiptum“ (e. green diplomacy), mótun grænnar útflutnings- og viðskiptastefnu, stefna um aukna sjálfbærni fyrir utanríkisþjónustu landsins og græn utanríkisstefna. Auk þess hyggst ríkisstjórn Danmerkur leggja áherslu á græn verkefni í þróunarsamvinnu líkt og fram kom í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar landsins fyrir árið 2020 þar sem veittar voru um 600 milljónir danskra króna til málaflokksins. Þá má nefna að í þróunarsamvinnustefnu sænskra yfirvalda er m.a. lögð áhersla á umhverfislega sjálfbærni; sjálfbærni loftslags, sjávar og vatnsbóla og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Einnig er stór

hluti þróunarsamvinnustefnu Finnlands tileinkaður loftslagsmálum í þróunarríkjum, bæði í gegnum sjóði sem og tvíhliða þróunarsamvinnuverkefni. Sem dæmi um alþjóðleg verkefni sem finnsk yfirvöld hafa tekið þátt í eru verkefni tengd veðurspám á veðurstofu Finnlands og sjálfbærari skógrækt.

Aðgerðirnar sex sem hér eru lagðar til byggjast að mörgu leyti á aðgerðum og áherslum Norðurlandanna í þessum málaflakki. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að gætt verði vandlega að því við útfærslu grænnar utanríkisstefnu að ekki sé boðið upp á grænþvott, með fögrum fyrirheitum án aðgerða, heldur verði um að ræða raunverulega stefnumörkun með skýrum, markmiðssettum aðgerðum.